

Nafn deildar: _____

Dags.: _____

Skipulag náms og námsaðstæður- niðurstöður

Metið var á deildum á starfsdegi í febrúar. Einkunn var gefin fyrir hverja spurningu á skalanum 1-5 þar sem 1 er mjög lítið og á ekki við, 3 er sæmilegt en 5 er mjög mikið og á vel við. Meðaltal einkanna frá öllum deildum kemur fram í hverri spurningu.

Námsumhverfi

Gerir skipulag leikskólahúsnæðis og útileiksvæðis ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum og þörfum barna? Einkunn: inni- 4, úti- 3

Inni- Gott, duglegar að færa til og endurskipuleggja rými en vantar svæði til að geyma verkefni. Má skoða svæði til hreyfingar innan dyra. Úti- vantar möguleika á að skipta lóðinni, leikreglur of harðar, laga blindhorn, ath.kastala og trjástólpa.

Eru möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis nýttir til náms í gegnum leik? Einkunn: 4,25.

Húsnæði innan deilda vel nýtt en má nýta sameiginleg svæði betur (skoða vikuskipulag), gætum nýtt útisvæði betur.

Gefur skipulag húsnæðis kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum? Einkunn: 4,6.

Húsnæði býður upp á góð samskipti þeirra deilda sem eru í sömu álmu, eldri/yngrri en ekki milli eldri og yngri deilda. Gaman að bjóða upp á flæði milli eldri/yngrri deilda.

Ber skipulag húsnæðis merki um að unnið sé að góðri hljóðvist? Einkunn: 3,75. Góð hljóðvist

innan deilda en passa að hafa ekki of mörg börn í litlu rými, fá fleiri dúka á borð og litlar mottur,tappa á hurðar, tennisbolta á stólfætur, plastáhöld í matsal?

Er leikumhverfið fjölbreytilegt og hvetur það börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa?

Einkunn: 3,6. Yfir heildina mætti nota meiri opinn efnivið til leiks, auka verðlaust efni og minnka tilbúinn efnivið, fjölbreytni á útisvæði og möguleikar á rannsóknum.

Er námsumhverfið og efniviðurinn í samræmi við markmið og áherslur leikskólans (sbr.

Námskrá, stefnu og markmið)? Einkunn: 3,9. Mætti auka opinn og krefjandi efnivið.

Er umhverfi leikskólans nýtt til þekkingarleitar (útinám, gönguferðir o.s.frv.)? Einkunn: 4,1. Er

að aukast, hafa farið í skóginn, íþróttavöll, stóra hól. Tengist oft könnunarnámi og/eða íþróttum. Góð staðsetning leikskólans.

Nafn deildar: _____

Dags.: _____

Efniviður

Er fjölbreytt úrval af leik- og námsefni til staðar? Einkunn: 3,4. Þörf á að endurnýja leikföng, fjölbreyttari efnivið í listasmiðjur, vantar meiri efnivið til skiptanna þ.e. fleiri sett af efni. Þarf að yfirfara ílát undir leikföng, bæta við/uppfæra það góða leikefni sem til er s.s. einingakubba, kaplakubba, dýrin. Mætti marka stefnu í leikfangamálum.

Er leik- og námsefnið í senn hvetjandi og krefjandi og höfðar til mismunandi skynjunar? Einkunn: 3,4. Þarf að skoða. Mætti sulla meira, vera duglegri að leyfa börnunum að velja viðfangsefni, má bæta við sandkarið, vantar meiri efnivið sem örvar sjón- og heyrnræna skynjun.

Vekur leik- og námsefni forvitni barna, ýtir það undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu? Einkunn: 4,1. Börnin sjálf eru dugleg að nýta það sem þau hafa, opni efniviðurinn ýtir undir ímyndunaraflið. Gott þegar starfsmenn hjálpa til við að auðga leikinn t.d með því að útbúa hús á ganginum, búa til ísbúð og leikhús. Nota mjólkurkassana og stóra pappakassa.

Er leik- og námsefni aðgengilegt og í góðu ástandi? Einkunn: 2,5. Víða má bæta aðgengi barna að leikefninu. Ástand á efnivið er frekar lélegt og oft hættulegt, verðum að henda ónýtu dóti og skaðlegu. Athuga kassa utan um dótið. Vantar pappír í listasmiðjur.

Hentar leik- og námsefni mismunandi þörfum og áhugasviðum barna? Einkunn: 3,9. Mikið úrval til af leikföngum, þurfum að nýta efnivið betur t.d. hljóðfæri. Þarf að fylla á grunnefnið t.d. bollastell. Mætti vera meira af krefjandi verkefnum fyrir elstu börnin.

Endurspeglar efniviður (s.s. myndir á veggjum, bókakostur og leikefni) margbreytileika mannlífsins (útlit, færni, aldur, fjölbreytt tungumál, fjölbreyttar fjölskyldugerðir)? Einkunn: 2,8. Þarfnast endurskoðunar. Vantar meira af efnivið sem endurspeglar margbreytileika mannlífsins t.d. bækur, púsl, dúkkur ofl. Hægt að setja upp „góðan dag“ á mismunandi tungumálum.

Nafn deildar: _____

Dags.: _____

Aðstaða

Er vinnuaðstaða starfsfólks góð t.d. til undirbúnings, samráðs, funda og sérstuðnings?

Einkunn: 4,8. Aðstaðan er mjög góð en starfsfólk þarf að vera duglegt að nýta þá aðstöðu sem er og hliðra til ef þarf.

Er efniviður, náms og kennslugögn aðgengileg fyrir starfsfólk? Einkunn: 4,5. Frekar aðgengilegt, mætti vera meira skipulag á hlutum, tölvur farnar að slappast, nettenging slæm. Athuga aðgengi að brunaútgöngum. Starfsfólk án undirbúnings þarf tíma til að ganga í hlutina. Athuga skipulag á pappír í Riddaragarði.

Skipulag innra starfs

Er stuðlað að alhliða þroska og menntun barna í dagskipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins? Einkunn: 4,6. Vantar oft tíma til að skipuleggja deildirnar (t.d. skipta út efnivið). Reynt að koma öllum námssviðum inn í dagskipulagið, góður tími fyrir frjálsan leik, dagskipulagi vel fylgt eftir.

Er dagskipulag endurmetið reglulega til að mæta þörfum barnanna? Einkunn: 4,5. Það er reglulega metið og lagað að þörfum, jafnvel of ört verið að þróa eitthvað nýtt.

Er jafnvægi í dagskipulagi milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna? Einkunn: 4,6. Er passað vel upp á það.

Er jafnvægi í dagskipulagi milli rólegra og fjörugra athafna? Einkunn: 4,4.

Veitir dagskipulag svigrúm til að mæta þörfum allra barna (s.s. með stuðningi og sérfræðipjónustu)? Einkunn: 3,6. Stíft dagskipulag, erfitt að koma því við. Alltaf þörf á meiri tíma til undirbúnings og skipulags þegar um sérþarfir er að ræða, mikilvægt að fá afleysingu vegna hópstarfs á þeim dögum sem að er undirbúningur starfsmanna að morgni (til að sinna betur þeim börnum sem þurfa stuðning).

Nafn deildar: _____

Dags.: _____

Styrkleikar-veikleikar

Námsumhverfi:

Gott skipulag innan dyra	Vantar svæði til að geyma verkefni lengur
Húsnæði innan deilda vel nýtt	Ath möguleika til hreyfingar innandyra
Húsnæði gefur kost á góðri samvinnu milli deilda í sömu álmu.	Vankantar á útisvæði, blindhorn, kastali,grasið, gróðurgirðing við hólinn, skógurinn (grysja) þarf að skipta lóðinni, má endurskoða reglur á útisvæði.
Góð hljóðvist innan deilda	Má nýta sameiginleg svæði betur
Góð staðsetning leikskólans landfræðilega	Lítill samskipti milli yngri og eldri deilda, lega hússins.
Ferðir utan skólalóðar að aukast	Má auka notkun á opnum efnivið
	Má auka fjölbreytni á útisvæði

Efniviður:

Fjölbreytt úrval af leikefni er til staðar	Leikefni lúíð, má endurnýja grunnefnivið, hafa til skiptanna.
Börnin eru dugleg að nýta þann efnivið sem þau hafa.	Vantar stefnu um leikefni
Starfsmenn auka leikinn með t.d. ísbúð, leikhús, búleikur í fataherbergi ofl.	Vantar meiri efnivið eða úrræði sem höfðar til mismunandi skynjunar s.s. sjón og heyrn. Nota meira sull, sandkar ofl.
Góð nýting á verðlausum efnivið	Má bæta aðgengi barna að efniviðnum
Rúmgóðar hillur fyrir leikefni á deildum	Má nýta efnivið betur og auka fjölbreytni
Sumt leikefni „flakkar“ á milli deilda	Má auka krefjandi verkefni fyrir elstu börn
Boardmaker myndir og Dupló kallar(ólíkur húðlitur), dúkkur tvenns konar húðlitur.	Þarf að auka efnivið sem endurspeglar margbreytileika mannlífsins.

Aðstaða:

Góð aðstaða til staðar	Þarf að nýta betur aðstöðu t.d. sameiginleg rými.
Frekar aðgengilegur efniviður og námsgögn	Má bæta skipulag á hlutum

Skipulag innra starfs:

Góður tími fyrir frjálsan leik	Vantar tíma til að skipuleggja deildar
Dagskipulag oft metið og aðlagð þörfum	Stíft dagskipulag hvað varðar sérstuðning
Gott jafnvægi milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna	Leysa alltaf af í hópastarfi þegar undirbúningstímar starfsmanna eru (þar sem eru börn sem eiga stuðningstíma)
Jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna	

Nafn deildar: _____

Dags.: _____